

Að lesa sjálfan sig

erindi flutt á málþingi Íslenskrar Málnefndar um Stóru Upplestrarkeppnina í Norræna Húsinu í Reykjavík, fimmtudaginn 12. maí 2016.

Vilhjálmur B. Bragason, leikskáld

Dömur mínar og herrar, góðir gestir.

Það er mér sannur heiður að vera hérna með ykkur í dag. Fyrir 16 árum síðan sigraði ég fyrstu Stóru Upplestrarkeppnina á Akureyri og eins og þið sjáið þá hef ég ekki beðið þess bætur síðan. Eða nær lagi væri að segja að ég er enn að uppskera af því sem til var sáð þá, þó ég viðurkenni fúslega að heiðurinn verður ögn vafasamari þegar horft er til þess hversu mörg ár eru líðin síðan, en ég held að það sé frekar endurspeglun á mínum aldri en aldri keppinnar, enda finnst mér mikilvægi hennar og verðmæti aukast með hverju árinu sem líður.

Ég ætla að reyna, án þess að íþyngja ykkur um of, enda vart á það bætandi eins og óvissan er í samfélaginu, að varpa fram minni sýn á mikilvægi keppinnar og lestrar yfir höfuð í stuttu máli, en jafnframt ætla ég að freista þess að tengja það við mína reynslu af keppninni.

Áður en lengra er haldið langar mig þó að vera með dálítið skilgreiningaratriði. Ég tel afar mikilvægt að gera greinarmun á því að lesa og því að lesa. Nú fer örugglega hrollur um marga sem hugsa með sér hvurslags hártoganir eigi eiginlega að hafa við hérna. En ég á einfaldlega við það að gera greinarmun á lestri sem leið til þess að koma einhverjum grunn táknum og skilaboðum áleiðis, eins og því að lesa eitthvað einfalt á borð við fréttir eða innkaupalista, eða því að raunverulega lesa eitthvað á þann hátt að í því felist sköpun og skilningur. Annars skildi maður varast að gera lítið úr því að lesa innkaupalista því þá er líka hægt að lesa á skapandi hátt. Það er fræg saga á Akureyri þegar kona ein sendi manninn sinn út í ríki til þess að kaupa vín fyrir væntanlegt matarboð sem þau hjónin ætluðu að halda. Hún hafði hripað niður lista yfir þau vín sem maðurinn átti að kaupa, en bætt við neðst að hann ætti líka að kaupa eina belju. Maðurinn fann þetta svo allt saman til í búðinni, nema þetta neðsta sem hann bara fann alls ekki. Hann leitaði því til næsta starfsmanns og spurði hvað hann finndi þetta „Bel Ju“?

En ein besta skilgreining sem ég hef nokkurn tímann heyrt á lestri kemur frá enska leikskáldinu Alan Bennett. Í leikriti hans *The History Boys* segir kennari „að bestu augnablikin í lestri komi þegar þú rekst á tiltekna hugsun eða tilfinningu sem þú hélt að aðeins þú hefðir hugsað, en hér er hún sett niður af einhverjum allt öðrum, einhverjum sem er kannski löngu dáinn, og það er eins og hönd teygi sig út úr blaðsíðunni og taki um þína.“ Þetta finnst mér fallett. Það er eitthvað sammannlegt við það að lesa, eitthvað sem tengir okkur öll.

Ég vil nefnilega meina það að lykillinn að lestri sé að segja sögur og þó að einhverjir félagsfræðingar séu mér e.t.v. ósammála og fengju mögulega einhverskonar flog eða aðkenningu ef þeir heyrdu mig segja þetta, en þá vil ég meina að það að segja sögur sé ein af grunnþörfum mannsins og ætti að eiga sinn sess sem ein af grunnstoðum þarfapýramídans.

Líf okkar er sögur. Það er efni í heilt erindi út af fyrir sig, erindi sem ég ætla reyndar að halda á Tedx í Austurbæ síðar í þessum mánuði, en ég má engu að síður til með að víkja örstutt að

Því, vegna þess að líf okkar byggist að öllu leyti á sögum. Sögunum sem við segjum okkur sjálf af okkur sjálfum, sem flestir kalla minningar í daglegu tali, sögunum sem við segjum hvert af öðru og sögunum sem við segjum okkur í sameiningu sem samfélag, en það eru sögurnar sem við viljum merkja sem söguna með ákveðnum greini, en þær eru þó bara sögur eins og aðrar.

En ég ætla ekki nánar út í þá sálma á þessum vettvangi, nema í því samhengi að þegar horft er til þess hversu veigamikinn sess sögur skipa í okkar lífi, þá er aldrei hægt að leggja of mikla áherslu á það að geta lesið sér til skilnings og sköpunar. Því þó að lestur felist oftast en ekki í sögum um og eftir aðra, þá kenna þær sögur okkur svo margt um okkar eigin sögur. Við lærum hvernig sögur eru uppbyggðar og hvenær og hversvegna við segjum ákveðnar sögur og hvaða tilgangi þær þjóna. Og upplestur er undravert tæki í þessum samhengi.

Enski rithöfundurinn E.M. Forster var frægur fyrir að hafa sagt: „Hvernig veit ég hvað mér finnst fyrr en ég heyri hvað ég hef að segja?“ Þetta finnst mér eiga ótrúlega vel við um upplesturinn, því að það að gera annara orð að sínum er ekki síður vel til þess fallið að hjálpa okkur að henda reiður á eigin hugsunum.

Í upplestrinum sameinast margskonar hæfni og hæfðir. Hæfnin til þess að koma fram og tala á opinberum vettvangi. Hæfileikar til þess að túlka og tjá annara orð frá eigin brjosti og hæfnin til að skapa og dýpka skilning manns sjálfs. Um þessi ómetanlegu gildi stendur Stóra Upplestrarkeppnin heiðursvörð og á okkar tímum þegar spurningin er ekki „Að lesa eða ekki lesa?“ heldur „Ekki að lesa eða bíða eftir bíómyndinni?“, þá hlýtur þörfin fyrir að standa vörð um þessi gildi að vera brýnni en nokkru sinni fyrr.

Þegar við tölum um mikilvægi lestrar í dag eru margir sem benda á það að fólk og krakkar lesi ekkert endilega minna í dag en áður, þau lesi bara færri bækur og meira á netinu. En það er auðvitað lesskilningurinn en ekki hinn eiginlega lestrarathöfn sem er aðalmálið. Oscar Wilde kunnir að koma orðum að hlutunum. Hann skrifaði einhvern tímann, meira í gríni en alvöru: „Ég er svo ofboðslega klár að stundum skil ég ekki helminginn af því sem ég er að segja“. Þetta má auðveldlega heimfæra á lesturinn, vegna þess að í því kristallast að án lesskilnings er lítið með lesturinn að gera. Og það að lesa á netinu er gott og blessað, en bara upp að vissu marki. Það að lesa grein á netinu sem heitir „7 leiðir til þess skilja greinar á netinu betur“ bætir ofboðslega litlu við skilning okkar á hlutskipti okkar í lífinu og tilgangi lífsins. Nema náttúrulega ef greinin heitir „7 atriði sem þú vissir ekki um tilgang lífsins“. Það sem mestu skiptir er að netlesturinn er oftast en ekki matreiddur fyrir okkur í smáar og auðmeltanlegar einingar sem eru letjandi fyrir hugsun okkar, einhverskonar andlegur skyndibíti. Auk þess er netlesturinn einangrandi, við erum sjaldnast að lesa á netinu með öðrum. Upplesturinn hinsvegar byggir á hluttekningu og samfélagi við aðra.

Mín persónulega reynsla af Stóru Upplestrarkeppninni var mér ómetanlegt veganesti út í lífið. Frá unga aldri hafði ég djúpstæða þörf fyrir að tjá mig og koma fram, en einnig djúpa og mikla sagnaþörf. Stóra Upplestrarkeppnin sameinaði þessar ástríður og reynslan af því hefur nýst mér á ólíkum sviðum lífs míns. Hún dýpkaði ást mína á ljóðum, ljóðalestri og bókmenntum almennt. Síðan þá hef ég haldið til náms erlendis á því sviði og hef nýlukið við leikrit sem mun vonandi sjást á sviði hér í borginni áður en langt um líður. Framkoman sem fylgir keppninni sjóaði mig ennfremur í því að tala fyrir framan annað fólk, en sú reynsla hefur nýst mér allar götur síðan, hvort heldur sem er þegar ég bauð mig fram til og gegndi síðar embætti Inspector Scholae í MA eða í dag þegar ég tala við ykkur á þessum vettvangi. En það sem var kannski merkilegast af öllu var að fylgjast með bekkjarfélögum sem voru síður framfærni en ég en gátu, fyrir tilstilli keppinnar, fetað sig á nýjum og krefjandi

slóðum. Því þó að það sé áskorun að gera annara orð að sínum þár líka fólgið í því ákveðið öryggi. Það er stökkpallur í átt að því að koma sínum eigin orðum á framfæri.

Mér þykir vænt um Stóru Upplestrarkeppnina og ég vil veg hennar og vanda sem mestan. Hér hef ég auðvitað stiklað á mjög stóru, en það er oftast en ekki betra, því það er jú oftast en ekki hægt að lesa meira í það sem er minna heldur en öfugt.

Um leið og ég nýti þetta góð boð til að koma þakklæti mínu í garð keppninnar á framfæri, þá vona ég að við sem hér sitjum getum sammælst um þá brýnu nauðsyn að viðhalda lestri og lesskilningi Íslendinga framtíðarinnar og ekki síst upplestrinum sem að dregur okkur saman á tímum vaxandi félagslegrar einangrunar. Og svo vona ég einlæglega að Stóra Upplestrarkeppnin hjálpi ungu fólki um ókomna tíð að uppgötva hvað þeim finnst þegar þau heyra hvað þau hafa að segja.

Þakka ykkur fyrir.